

Stefna Mosfellsbæjar í Þróunar- og ferðamálum

Stefna Mosfellsbæjar í þróunar- og ferðamálum byggir á stefnu sveitarfélagsins sem bæjarstjórn samþykkti á 488. fundi sínum 9. apríl 2008. Þróunar- og ferðamálanefnd endurskoðaði stefnu málaflokksins í ársbyrjun 2016 og setti fram aðgerðaáætlun til næstu tveggja ára. Stefnan byggir á tveimur meginflokkum í starfsemi sveitarfélagsins og aðgerðaáætlun tilgreinir hvernig unnið skal að einstökum verkefnum. Flokkar þessir eru:

- Heilsubærinn Mosfellsbær
- Ferðaþjónusta

Leiðarljós

Mosfellsbær er eftirsótt og framsækið samfélag sem leggur áherslu á þróun og heilsueflingu í samvinnu við atvinnulíf og bæjarbúa. Mosfellsbær leggur sérstaka áherslu á að styrkja ferðaþjónustu á grundvelli heilsu- og menningartengdrar starfsemi og hefur að leiðarljósi ábyrgðarkennd gagnvart náttúru og umhverfi í samræmi við markmið Staðardagskrár 21.

Meginmarkmið

Meginmarkmið Mosfellsbæjar í þróunar- og ferðamálum er að styðja við ímynd bæjarins sem heilsubæ og að efla ferðaþjónustu með tilliti til þróunar í atvinnusköpun. Það leiði til aukinnar hagsældar fyrirtækja og íbúa í Mosfellsbæ.

Heilsubærinn Mosfellsbær

Mosfellsbær varð fyrst sveitarfélaga þátttakandi í þróunarverkefninu Heilsueflandi samfélag og er ímynd hans sem heilsubær stöðugt að styrkjast. Heilsu- og endurhæfingartengd starfsemi er ein meginstoð atvinnulífs í sveitarfélaginu og mikilvægt er að vera vakandi yfir möguleikum til áframhaldandi þróunar og nýtingar fyrir íbúa og gesti.

Mosfellsbær býr að nálægð við útivistarperlur og mikil tækifæri felast í að efla heilsutengda afþreyingu á þessum svæðum. Huga þarf vel að aðgengi og upplýsingagjöf ásamt því að gæta að sjálfbærni og náttúruvernd.

Stefna:

Mosfellsbær verði þekktur sem heilsubær með fjölbreytta starfsemi á sviði heilsueflingar og heilsutengdrar ferðaþjónustu. Lögð er sérstök áhersla á að styðja við frumkvöðlastarf í heilsutengdri starfsemi.

Markmið:

1. Mosfellsbær verði leiðandi heilsueflandi samfélag með gott aðgengi að hollum valkosti í hreyfingu, næringu og öðrum heilsusamlegum þáttum
2. Vekja athygli á útivistarperlum og möguleikum í heilsutengdri afþreyingu

3. Mosfellsbær nýti sér sérstöðu sína í þágu heilsutengdrar ferðapjónustu
4. Skapa hvata fyrir fyrirtæki til framleiðslu heilsutengdra vara

Ferðapjónusta

Ferðapjónusta er ein af þeim atvinnugreinum sem hefur vaxið hvað mest hérlendis á undanförunum árum. Spár gera ráð fyrir áframhaldandi vexti og að árstíðasveifla muni minnka. Kannanir sýna að náttúran og íslensk saga og menning eru stærstu áhrifaþættir á ákvörðun erlendra ferðamanna um Íslandsför sem skapar Mosfellsbæ mikil sóknarfæri í ljósi nálægðar við náttúru og sögu.

Mikilvægt er að koma vel á framfæri upplýsingum, um þjónustu og afþreyingu ásamt því að tryggja gott aðgengi fyrir erlenda ferðamenn til og um Mosfellsbæ.

Stefna:

Uppbygging öflugrar ferðapjónustu í Mosfellsbæ miðist við að íbúar jafnt sem ferðamenn geti notið hennar allt árið. Byggja skal á þeim verðmætum sem saga, menning, náttúra og mannlíf Mosfellsbæjar býr yfir.

Markmið:

1. Skapa samstarfsvettvang Mosfellsbæjar og rekstraraðila í ferðapjónustunni sem miðar að því að fjölga innlendum og erlendum ferðamönnum í Mosfellsbæ.
2. Áhersla verði lögð á nálægð við náttúru og sögu- og menningartengda ferðapjónustu sem byggir á staðarsögu.
3. Byggð verði upp viðburðartengd ferðapjónusta – bæði fastir árlegir viðburðir og fjölbreyttar upptækur.
4. Lögð áhersla á uppbyggingu og samþættingu útivistar- íþróttar- og heilsutengdrar ferðapjónustu.